

**84. fundur skráningarráðs** haldinn 24. september 2014, í fundarherbergi Landsbókasafns, kl. 13:00-14:30

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis (fundarritari) og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

#### **Fundarefni:**

##### **1. Kynningarefni um drög að innleiðingaráætlun RDA**

Síðasti fundur skráningarráðs á starfsárinu. Sigrún J. Marelsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, hefur óskað eftir að hætta í skráningarráði. Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, fagstjóri íslenskrar skráningar, hefur verið tilnefnd í hennar stað.

Gengið var frá kynningarplaggi til dreifingar á Landsfundi Upplýsingar 2. – 3. okt. 2014. Plaggið er eitt A4 blað unnið úr drögum að áætlun um innleiðingu RDA skráningarreglnanna. Öðrum megin eru meginatriði áætlunarinnar og mynd af orðaskýi til skrauts, hinum megin eru meginatriði sett upp sem tímalínur. Greidd voru atkvæði um fjögur mismunandi orðaský.

Næsti fundur skráningarráðs er áætlaður miðvikudaginn 8. október 2014